

## FÝRSTI ÁRSFJÓRDUNGUR (0-3 mánaða)

Þegar frá fæðingu eru börn ólík að eðlisfari. Á meðan eitt er lágvært og rólegt sýnir annað fjörlegri geðbrigði. Í fyrstu eru meðfædd viðbrögð ríkjandi hjá kornabarninu. Eins og í móðurkvíði eru bolur og útlimir mest í kreppu. Höfuðið snýr oftast til annarrar hliðarinnar þegar barnið liggur á bakinu, hreyfingar stýrast af meðfæddum viðbrögðum (sbr. skylmingarviðbragðið). Hnefar eru krepptir og erfitt getur reynst að fá barnið til að opna lófana (sbr. gripviðbragðið).



Fyrstu vikurnar er grátur hvítvoðungsins blæbrigðalítill og oft erfitt að átta sig á hvað honum veldur.

Fyrsta meðvitaða hreyfingin sem merkja má er þegar hvítvoðungurinn reynir að lyfta höfði þegar hann liggur á grúfu. Þungt höfuðið fellur hvað eftir annað niður á undirlagið, en við 4-6 vikna aldur getur hann lyft höfðinu og haldið því nokkur andartök. Undir þriggja mánaða aldur getur barnið lyft höfði á grúfu yfir líkamshæð og haldið því þar.

Lófarnir opnast smám saman eftir því sem gripviðbragðið dofnar. Það réttist úr handleggjum og hendur færast saman fyrir framan bringuna, eins og andlitið sem snýr meir og meir fram þegar barnið liggur á bakinu. Það er því betur í stakk búið að skoða nánasta umhverfi, það fer að skoða á sér hendurnar og getur dundað sér vel og lengi við að rannsaka þetta undur náttúrunnar. Jafnframt fer það að sýna því áhuga sem að því er rétt.

Samhæfing augna verður æ greinilegri eftir því sem vikurnar líða. Fyrst í stað einblínir barnið á ljósa fleti, t.d. glugga eða vegg, eða það starir á andlit. Ljósir fletir með dökkum, skörpum línum eða myndum hafa sérstakt aðráttarafl. Í kringum tveggja til sex vikna aldur eru flest börn farin að brosa til þeirra sem kjá framan í þau. Eftir um það bil sex vikur tekur barnið eftir sterkum, skærum litum og hægt er að fá það til að festa augun smástund á hlut sem haldið er fyrir framan það, jafnvel fylgja honum eftir um það bil  $45^{\circ}$  í hvora átt.

Um þriggja mánaða aldur snýr barnið höfði að hlut, festir augun og fylgir eftir í allar áttir. Það fylgir eftir fólk á hreyfingu og brosir og spriklað fjörlega þegar kjáð er framan í það.


Um það bil fimm vikna gamalt fer barnið að hlusta eftir hljóði. Fyrstu 2-3 vikurnar bregst það við hljóði þannig að það róast og glennir upp augun. Síðan fer það að hlusta á hljóð eða tal og því bregður við mjög snögg og hvell hljóð. Um þriggja mánaða aldur leitar það eftir hljóði í eyrnahæð með því að snúa höfði í átt að hljóðinu. Barnið skríkir af ánægju þegar því líður vel. Það heldur uppi smá samræðum ef talað er við það (þ.e. hjalar á móti þegar kjáð er framan í það) og hljóðamynundunin verður æ blæbrigðaríkari. Nú er gráturinn t.d. öðru vísi ef barnið er svangt, heldur en ef það finnur einhvers staðar til. Barnið byrjar sum sé að láta óánægju í ljós ef það fer illa um það, eða ef það er blautt.

**Hvatning:** Vera saman, kynnast, njóta samverunnar. Tala saman, kjá, hjúfra, strjúka.

**Horfa:** Órói, litrík perlubönd, dökkir fletir á ljósum grunni (myndir), andlit og hendur þess sem annast það.

**Hlusta:** Rómur, spiladós (ekki of nálægt eyra barnsins), lágvært ýludýr, létt hringla.

**Hreyfa sig:** Sprikla frjáls eftir bað eða við bleiuskipti. Liggja stund og stund á grúfu, spreyta sig á að lyfta höfði og horfa í kringum sig. Halda á létri, mjúkri hringlu eða linu ýludýri, setja í munn til að skoða leikfangið enn betur.



# Gátlistar 1 - 3 mánaða

## 1 mánaða

### Grófhreyfingar

Meðfædd viðbrögð ríkjandi.  
Bolur og útlimir mest í beygju.  
Andlit oftast til annarrar hliðarinnar.  
Lyftir höfði örlítið á grúfu.

### Fínhreyfingar


Hnefar oftast krepptir.  
Mótstaða þegar lófar eru opnaðir.

### Samskipti

Bregst við hljóði (glennir upp augu, róast.  
Kyrrist augnablik við að sjá andlit.  
Nær augnsambandi smástund.  
Festir augu, fylgir eftir nokkrar gráður út  
til hliðanna.  
Strokur eða brjósttagjöf róar.  
Róast af rödd og þegar það er tekið upp.

### Málþroski

Grætur af svengd.  
Veik kokhljóð, ah-eh-uh.



## 2 mánaða

### Grófhreyfingar

Hreyfingar eins báðum megin (samhverfar).  
Lyftir höfði smástund á grúfu, veltir því af öðrum  
vanga yfir á hinn.  
Heldur ekki höfði nema andartak, sé setið með það.  
Spriklar.

### Fínhreyfingar

Hnefar að mestu krepptir, en opnar lófana þess á  
milli.

### Samskipti

Fylgir eftir með augum og höfði nokkrar gráður.  
Fylgist með hreyfingum þess sem annast það.  
Brosir við andliti, hreyfir sig fjörlega.  
Hlustar á hljóð og tal.  
Bregður við hávaða.


### Málþroski

Tíðara, blæbrigðarárkara hjal.  
Byrjar að mynda einstaka sérlhljóða.

## 3 mánaða

### Grófhreyfingar

Lyftir höfði yfir líkamshæð á grúfu og heldur því þar.  
Hefur betra vald á höfði þegar haldið er á því.



### Fínhreyfingar


Lófar mestmegin opnir.  
Skoðar á sér hendurnar.  
Sýnir áhuga þegar eitthvað er rétt að því.  
Er að fá viljabundið grip.  
Hreyfir hringlu sem sett er í lófann.

### Samskipti

Snýr höfði að hlut, festir augun og fylgir eftir í allar áttir með augunum.  
Sýnir merki þess að það þekki foreldra sína.  
Fylgir fólki á hreyfingu eftir með augunum, brosir við því.  
Snýr höfði í átt að hljóði við eyra.

### Málþroski

Brosir og hjalar þegar talað er til þess.  
Endurtekin mismunandi atkvæði (t.d. ía, la, ui, gú)  
Heldur uppi samræðum, (þ.e. hjalar ef kjáð er framan í það), starir á andlit.  
Hlær.  
Skríkir af ánægju.  
Blæbrigði í gráti við t.d. hungur og sársauka.



**Verum á varðbergi ef barnið er ekki farið að...**

brosa og veita umhverfinu athygli þegar það er orðið... **6 vikna**

bera sig til við að halda höfði, skoða á sér fingurna, leita eftir hljóði og sýna leikfangi athygli þegar það er orðið... **3 mánaða**